



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

**„Við elskum þessar mellur“**

*Kyn og vald í íslensku rappi*

**Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði**

**Anna Marsibil Clausen**

**Janúar 2015**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið  
Almenn bókmenntafræði**

# **„Við elskum þessar mellur“**

*Kyn og vald í íslensku rappi*

**Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði**

**Anna Marsibil Clausen**

**Kt.: 150989-2569**

**Leiðbeinandi: Davíð Ólafsson**

**Janúar 2015**

## Ágrip

Rapptónlist og -menning er sprottin út frá þörf þeldökkra Bandaríkjamanna til að svara því misrétti sem þeir hafa verið og eru beittir af samfélaginu. Íslenskir rapparar glíma við ólíkan menningarheim en hafa reynt að uppfylla þau skilyrði sem rappið setur um þjáningu og trúverðugleika með ýmsum leiðum. Í umleitunum karlkyns rappara við að laga rappið að íslenskum veruleika hafa konur mikið til orðið undir, eins og einnig er algengt í bandarísku rappi. Vald hefur verið miðpunktur rapphefðarinnar frá upphafi og hafa rapparar m.a. notfært sér niðrandi texta til að byggja sjálfa sig upp. Í valdaumleitunum rappara hafa spjótin ýmist beinst út á við, að valdhöfum í samfélaginu, eða inn á við, að öðrum röppurum. Hlutgerving kvenna og eignarhald karla á kvenlíkamanum er oftast en ekki hluti af þessum valdaumleitunum karlkyns rapparar, sem hafa þannig skapað sér þriðja andstæðinginn.

Kvenkyns rapparar eru tiltölulega nýkomnir á íslensku senuna, að undanskilinni Cell7, en engu að síður eiga þær meira sameiginlegt með upphafsmönnum rappsins en karlkyns rapparar landsins, sem undirokaður samfélagshópur. Konur nota rapp til að bjóða kvenkúgandi tilhneigingum annarra rappara, sem og samfélagsins í heild, birginn. Líkt og karlkyns rapparar taka þær sér vald með því að upphafa sjálfar sig en einnig koma þær fram sem fulltrúar kyns síns. Ólíkt mörgum karlkyns röppurum nota þær sjaldnast niðurlægingu annarra til eigin upphafningar heldur beina spjótum sínum fremur að feðraveldinu.

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	3
Inngangur .....	5
Persónur og leikendur .....	7
Vald og valdabarátta í rapptextum .....	9
Kynin battla .....	10
Þegar konur taka völdin .....	14
Að vera „ekta“ .....	16
Kynlíf í rappi.....	19
Feminísk kvenfyrirlitning? .....	20
Dulin kvenfyrirlitning.....	22
Að afsala sér völdum .....	23
Líkaminn endurheimtur.....	25
Kvenleikinn sem „ekta“ .....	27
Niðurstöður .....	30
Heimildaskrá.....	32
Fræðirit.....	32
Vefefni .....	33
Tónlist.....	34
Kvikmyndir.....	35

## Inngangur

Hiphopp hefur lengi verið tengt við hið undirokaða samfélag þeldökkra í Bandaríkjunum enda spratt það að mörgu leyti út frá þörf þeirra til að láta í sér heyra og öðlast meiri völd í samfélaginu. Hiphoppmenning byggist í grunninn á fjórum list- og tjáningarformum: graffi (e. graffiti), skífuskanki (e. dj-ing), breikdansi (e. B-boying) og rappi. Með tímanum hafa margvíslegir tiskustraumar leikið um hiphoppheiminn og hiphoppið sömuleiðis haft áhrif á aðra menningarkima. Segja má að rappið sé rödd og hornsteinn hiphoppisins og þannig eitt mikilvægasta málsgagn þess þeldökka minnihlutahóps sem það sprettur frá.

Þegar hiphopp tók að breiðast um heiminn varð rappið einnig að málþípu annarra minnihlutahópa, svo sem afkomenda innflytjenda frá Mið-Austurlöndum í Vestur-Evrópu. Fyrstu rapptextarnir á íslenskri tungu voru hins vegar samdir frá sjónarhorni ungra hvíttra karlanna. Gengu þeir fyrst og fremst út á að upphefja rapparana, oft með grófum en hnyttum niðurlægjum í garð annarra rappara og ráðamanna, en einnig út á almenna samfélagsgagnrýni.

Frá innreið rappsins hér á landi á tíunda áratugnum og fram til ársins 2013 náðu nær eingöngu karlmenn fram á því sviði. Síðustu tvö ár hefur hins vegar fjöldinn allur af kvenkyns röppurum stigið fram á sjónarsviðið. Konur eiga það sameiginlegt með upphafsmönnum rappsins að vera undirokaður samfélagshópur og í rapptónlist er til að mynda gjarna litið á þær sem eign karlanna, sem nýta þær til að sýna vald sitt. Kvenkyns rapparar hafa svarað þessum tilhneigingum starfsbræðra sinna með beinum hætti en þessar tilhneingar og svör eru einmitt viðfangsefni þessarar ritgerðar.

Margir erlendir fræðimenn hafa sérhæft sig í rannsóknum á tengslum rapptónlistar og kyns. Má þar einna helst nefna bandaríska tónlistar- og félagsfræðinginn Cheryl L. Keyes og sænska félagsfræðinginn Kalle Berggren, og mynda rannsóknir þeirra og annarra erendra fræðimanna mikilvægan grundvöll fyrir þessa ritgerð. Lítið hefur verið fjallað um íslenskt rapp frá fræðilegu sjónarhorni. Helsta fræðilega efnið er grein íslenskufræðingsins Svanhvítar Lilju Ingólfssdóttur, „*Allt er verbalt*“ *Um notkun tungumálsins í íslensku rappi frá 2006*, sem birtist í tímaritinu *Mími* árið 2007. B.Ed.-ritgerð söngkonunnar Hildar Völu Einarsdóttur, „*Þetta er svo mikið strákaveldi*“ *Innsýn í kynjaheima dægurtónlistar á Íslandi*, frá 2013, er síðan ein af örfáum fræðilegum umfjöllunum sem finna má um hlutverk kvenna í íslenskri tónlist.

Á síðunum sem fylgja verður reynt að varpa ljósi á hvernig karlkyns rapparar Íslands nýta sér kynjaða orðræðu til að byggja sig upp og/eða rífa aðra niður. Eins verður því svarað hvernig kvenkyns rapparar hafa brugðist við þeirri orðræðu og hvernig þeir nýta listformið til að bregðast við almennu kynjamisrétti. Textar valinna íslenskra rappara frá árunum 2010 til 2015 verða nærlesnir (e. close read), en sú aðferð var m.a. þróuð af enska bókmenntarýninum I.A. Richards<sup>1</sup> og er kennd við nýrýni. Textarnir verða þannig lesnir orð fyrir orð og túlkaðir út frá innra samhengi orðanna, þeim umheimi sem þau vísa í með hjálp fræðigreina úr ýmsum áttum og efni frá íslenskum fjölmiðlum. Rapptextar verða bornir saman og dæmi úr þeim greind með aðferðum bókmenntafræðinnar út frá sjónarhóli feminískrar rýni. Í því samhengi verður rappsjálfið skoðað sérstaklega með hliðsjón af hefðbundinni kröfu rappsins um trúverðugleika og hugtakið „ekta“ sett í íslenskt rapp-samhengi.

---

<sup>1</sup> „I.A. Richards.“ Sótt á vef *Poetry Foundation*. <http://www.poetryfoundation.org/bio/i-a-richards> (Skoðað 11.01.15)

## Persónur og leikendur

Þegar litið er yfir rappheima Íslands síðustu fimm ár eru fimm karlmenn einna mest áberandi. BlazRoca<sup>2</sup>, Emmsjé Gauti, Gísli Pálmi og tvíeykið Helgi og Arnar úr Úlfur Úlfur bera höfuð og herðar yfir aðra karlrappara þegar kemur að vinsældum og virkni.<sup>3</sup> Þrátt fyrir að rappið hafi borist hingað til lands fyrir um 20 árum áttu konur sér vart neinar fyrirmyndir af sama kyni innan senunnar þar til fyrir rúmu ári. Ástæður þess má rekja til félagsmótunar. Eins og Hildur Vala Einarsdóttir bendir á í ritgerð sinni hafa karlar fjölbreyttari fyrirmyndir af sama kyni innan tónlistarheimsins auk þess sem hugmyndir um kvenleika og karlmennsku móta kynjunum ólíkar leiðir. Segir hún tónlistarstefnur ýmist kven- eða karllægar og að hljóðfæraval sé einnig mjög kynbundið.<sup>4</sup>

(...) konur hafa frekar verið í hlutverki söngkvenna og spilað á klassísk hljóðfæri, til að mynda fiðlur og flautur á meðan karlar leika á rafmagnhljóðfæri. Þannig staðfesta konur kvenleika sinn og karlar karlmennsku sína með því að fara í þau hlutverk sem ráðandi hugmyndir samfélagsins um kynin ætla þeim en það er vandkvæðum bundið að hegða sér þvert á væntingar samfélagsins til kynhlutverks manns.<sup>5</sup>

Þegar ofangreindar staðreyndir eru teknar til greina er varla hægt að kalla fyrsta kvennarappkvöld Bar 11 þann 24. júlí 2013 annað en byltingu. Konur voru hvattar til að koma upp úr skúffunum með ljóð sín og laumurapp. Tugir skráðu sig til leiks og fullt var út úr dyrum. Út frá umræddu kvöldi spratt upp hin femíníska rappsveit Reykjavíkurdætur, sem telur hátt á annan tug meðlima. Sveitinni er oft lýst sem rappkollektívi, en auk þess að innihalda meðlimi annarra rapp- og hljómsveita á borð við Hljómsveitt, Amabadama, Cyber og Þrjár basískar koma hafa Reykjavíkurdætur gefið út lög í nafni sveitarinnar þar sem allt frá þremur og upp í þrettán meðlimanna koma fram.

---

<sup>2</sup> BlazRoca er eini meðlimur XXX Rottweilerhunda sem enn er virkur sem sóló-listamaður en hann fær þó Bent og aðra rappara reglulega til liðs við sig.

<sup>3</sup> Vegna flókans samhengis ljóðmælanda, rappsjálfsins og rappara, sem drepit verður á síðar í þessari ritgerð, verður ávallt notast við listamannsnöfn rapparanna þegar slík eru til staðar en ekki eiginnöfn þeirra.

<sup>4</sup> Hildur Vala Einarsdóttir. 2013. „Þetta er svo mikið strákaveldi“ *Innsýn í kynjaheima dægurtónlistar á Íslandi*. Lokaverkefni til B.Ed.-prófs. Háskóli Íslands. Bls. 42. Sótt á vef Skemmannar.

[http://skemman.is/en/stream/get/1946/16627/36367/1/Innsy%0301n\\_i%0301\\_kynjaheimapdf.pdf](http://skemman.is/en/stream/get/1946/16627/36367/1/Innsy%0301n_i%0301_kynjaheimapdf.pdf)

(Skoðað 28.12.14)

<sup>5</sup> Sama heimild.

Fyrir tíma Reykjavíkurdætra hafði rapparinn Cell7 lengi vel verið nánast eini fulltrúi íslenskrar kvenþjóðar á senunni sem meðlimur í Subterranean, einni af fyrstu rappsveitum Íslands. Hún gaf út sína fyrstu einfaraskífu í nóvember 2013 en hafði þá haldið sig frá rappheiminum á Íslandi frá því að Subterranean lagði upp laupana. Þegar þetta er skrifað er hún eina íslenska konan til að hafa gefið út rappplötu í fullri lengd.

Fyrirnefndir karlkyns rapparar hafa allir unnið saman og vinna einnig reglulega með öðrum röppurum. Einungis liðsmenn Úlfs Úlfs hafa þó unnið með kvenkyns rappara enn sem komið er, en þeir báðu vinkonu sína Eddu Borg Stefánsdóttur að rappa með þeim í viðlagi „Tarantúlur“ þrátt fyrir að hún hafi aldrei rapað áður.<sup>6</sup> Salka De La Sol, meðlimur Reykjavíkurdætra, syngur raunar í lagi BlazRoca „Vökuvísa“ en rappar ekki. Enginn hinna fimm þekktustu karlkyns rappara Íslands hefur því unnið opinberlega með virkum kvenkyns rappara.

Í Lesbók Morgunblaðsins árið 2008 sagði blaðamaðurinn og tónlistarfræðingurinn Arnar E. Thoroddsen íslenskt hipphopp ávallt hafa verið bundið við jaðarinn<sup>7</sup> og segja má að kvenkyns rapparar hafi verið á jaðrinum á þeim jaðri. Reykjavíkurdætur hafa þó verið afar áberandi frá stofnun. Þær hafa fært sig inn á miðpunkt meðvitundar almennings og fjölmiðla um íslenska rappmenningu og áttu til að mynda upphafslag Áramótaskaupsins 2014. Arnar segir jaðarsenur eiga það til að staldra við í meginstraumnum en að slík stopp vari yfirleitt stutt. Sé það raunin er ljóst að kvenkyns rapparar munu þurfa að hafa sig alla við til að viðhalda sessi sínum, ekki aðeins innan meginstraumsins heldur einnig innan senunnar sjálfar.

---

<sup>6</sup> „Erum sökkerar fyrir subkúltúr.“ *Mbl.is*. 15. ágúst 2014.  
[http://www.mbl.is/monitor/frettir/2014/07/15/erum\\_sokkerar\\_fyrir\\_subkultur/](http://www.mbl.is/monitor/frettir/2014/07/15/erum_sokkerar_fyrir_subkultur/) (Skoðað 27.12.14)

<sup>7</sup> Arnar Eggert Thoroddsen. „Íslenskt hipphopp: skýrsla.“ *Mbl.is*. 18. október 2008.  
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1250496/> (Skoðað 27.09.14)



## Vald og valdabarátta í rapptextum

Í bókinni *Popular Music: Topics, Trends & Trajectories* segir ástralski menntunar- og menningarfræðingurinn Tara Brabazon mælskufimi rapps gegnum háð og spott afmá skilin milli lista, popptónlistar, skemmtana og viðskipta.<sup>8</sup> Bendir hún á að þrátt fyrir að hipphopp sé hluti af meginstraumi tónlistar bjóði það einnig upp á fjandsamlegar og nístandi árásir á fylgispekt og hefðbundin gildi.<sup>9</sup>

Rapparar taka sér vald með slíkum árásum þar sem þeir níða aðra rappara eða tónlistarmenn, ráðamenn og yfirstéttir og upphefja sjálfa sig með orðum. Slík valdtaka er ákveðin undirstaða rapptónlistar sem tónlistarstefnu, sem átti uppruna sinn í algjöru valdaleysi þeldökkra Bandaríkjamanna. Rapp getur hins vegar einnig verið leikur þar sem þátttakendur skiptast á að hæða hvor annan og upphefja sjálfa sig með hnyttum rímum. Íslenskir rapparar kalla þessa iðju að battla<sup>10</sup>, en battl er einnig afar algengt í lögum þar sem rapað er gegn óskilgreindum eða skilgreindum andstæðingi sem ekki svarar fyrir sig í laginu. Gott dæmi um slíkt er eitt þekktasta lag XXX Rottweiler hunda þar sem BlazRoca segir meðal annars:

„Ég á íslenskt rapp, og þú vilt battla?

Eins og að eiga í Gap og fokka í Atla.“<sup>11</sup>

Hér er andstæðingurinn „þú“ en ekki er tekið fram hver „þú“ ert. Andstæðingurinn er ekki skilgreindur í laginu og er hann því allir og enginn í senn. Ljóðmælandinn upphefur sjálfan sig og gefur í skyn að andstæðingurinn muni hafa verra af reyni hann að etja kappi við sig í battli.

Í grein sem birtist í tímaritinu Mími árið 2007 segir Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir að hugmyndin um „kúlið“ sé mjög skýrt viðmið fyrir hipphoppa. Hún heldur því fram að enginn eigi sér neina von í rappi nema viðkomandi sé svalur, svari fyrir sig og viti sínu viti um það og þá sem máli skiptir.<sup>12</sup> Líklega myndu flestir þeir sem þekkja til í heimi rappsins taka undir þessa staðhæfingu og benda á mikilvægi battlsins í því samhengi. Arnar Eggert Thoroddsen velti upp þessari fjandsamlegu hlið rappsins í fyrrnefndri grein sinni í Lesbók Morgunblaðsins. Segir hann skærur og meting rappara í millum jafn sjálfsagðan hluta af hipphoppi og takt og texta. Kveður hann slíkan fjandskap vera ákveðna íþrótt í hugum rappara fremur en eitthvað sem þeir missi

<sup>8</sup> Brabazon, Tara. 2011. *Popular Music: Topics, Trends & Trajectories*. (London: Sage) bls. 171.

<sup>9</sup> Sama heimild. bls. 173.

<sup>10</sup> Dregið af enska orðinu „battle“.

<sup>11</sup> XXX Rottweilerhundar. 2001. „Sönn íslensk sakamál.“ *XXX Rottweiler hundar*. (Reykjavík: Dennis) Geisladiskur.

<sup>12</sup> Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir. 2007. „Annað Skrefið: aðlögun rapps að íslenskri menningu.“ *Mímir* 51, 45. árg. (Reykjavík: Félag stúdenta í íslenskum fræðum). bls. 105.

svefn yfir.<sup>13</sup> Máli sínu til stuðnings vitnar hann í rapparann Poetrix, sem átti á þeim tíma í deilum við rapparann Móra.

(...)Þetta er svolítið leikurinn, ég get alveg tekið undir það. En svo er það líka jákvætt að þetta veldur því að allir eru á tánum og vilja gera betur en næsti maður. Þetta er eins og samkeppni í fótboltaliði; ef þú ert ekki í baráttu um stöðuna þína þá þarftu heldur ekki að leggja neitt á þig.<sup>14</sup>

Þessi leikur er baráttu um völd og sá sem vinnur leikinn „á íslenskt rapp“. Leikurinn hefur þó breyst með tímanum og færst að hluta úr battl-forminu. Battl-tilburðum er lætt inn í texta sem segja sögur eða fjalla um ákveðið málefni, og valdabaráttan er minna sýnileg en áður. Á síðustu fimm árum hafa valdarímur karlkyns rappara á Íslandi beinst í auknum mæli að samfélaginu og þeim sem halda um stjórntaumana. Þeir velja frekar að byggja sig upp en að rífa aðra karlmenn niður og hvort sem það er meðvitað eða ekki hafa konur í auknum mæli orðið fyrir barðinu á rímum sumra rappara.

Rapparar hafa lengi vel meðvitað beint níði sínu bæði út á við og inn á við, til yfirvalda og annarra rappara. Níð gagnvart konum er einnig afar algengt en tilgangur þess er í raun ekki að níða kvenfólk heldur að nota konur, oft systur, mæður eða kærustur andstæðinganna, eins og hverja aðra eign til að níða þá. Það er því að mestu leyti ómeðvitað sem rapparar hafa skapað sér sinn þriðja andstæðingahóp, sem í auknum mæli neitar að láta níðið yfir sig ganga.

## Kynin battla

Niðrandi orðræða um konur virðist hafa verið samtvinnuð rappheiminum allt frá upphafi. Í grein sinni í *Journal of Black Studies*, „Misogynistic Lyrics in Rap Music“, skrifa félagsfræðingarnir Terry M. Adams og Douglas B. Fuller að fjölbreyttar ástæður liggja að baki því að rapparar nýti sér niðrandi orðræðu um konur.

Notkun slíkra [niðrandi] texta gerir karlkyns listamanninum kleift að upphefja sig með því að niðurlægja kvenkyns jafningja sína. Undirokun bandarískra kvenna af afrískum uppruna gerir þessum listamönnum mögulegt að hefja sig til skýjanna í heimi sem heldur þeim stöðugt niðri. Lítillækkun bandarískra kvenna af afrískum

---

<sup>13</sup> Arnar Eggert Thoroddsen, 2008. „Íslenskt hipphopp“ *Mbl.is*.

<sup>14</sup> Arnar Eggert Thoroddsen, 2008. „Íslenskt hipphopp“ *Mbl.is*.

uppruna sér þessum listamönnum fyrir leið til að staðfesta karlmennsku sína ljóðrænt.<sup>15</sup>

Þrátt fyrir að kenningar Adams og Fuller taki sérstaklega til rapps um bandarískar konur af afrískum uppruna, sem eru undirokaður hópur innan undirokaðs hóps, má auðveldlega yfirfæra þær á íslenskt rapp enda er innreið femíníks rapps á íslensku senuna að miklu leyti svar við niðrandi orðræðu í rappheiminum. Íslenskir kvenkyns rapparar byggja sig upp á sambærilegan hátt og karlkyns rapparar, með því að berja sér á brjóst og sýna hörku. Eins og Kalle Berggren hefur bent á er þó ekki einungis hægt að líta á slíka hörku sem femíníska ögrun, þar sem þessi sama uppstokkun á kynjuðum eiginleikum stafar að hluta til af því að konurnar fella sig að stöðlum rappsenunnar.<sup>16</sup>

(...) hiphoppssenar er skilgreind sem karllægt svæði þar sem ofbeldi og árásarhneigð eru „norm“ og konur eru í kynferðislegu hlutverki. Þegar kvenkyns rapparar gera sum þessara kynjuðu hlutverka að sínum búa þeir hins vegar til sumar þær hörðustu og ósveigjanlegustu kvenpersónur [sem fyrirfinnast] og bjóða stundum upp á samfélagslega meðvitaðan femínisma en stundum einfaldlega ofbeldi.“<sup>17</sup>

Rúmu ári áður en Reykjavíkurdætur komu til sögunnar gerði Þórdís Nadia Semichat uppreisn gegn feðraveldi og niðrandi tilburðum karlkyns rappara með rapplaginu „Passaðu þig“. Í viðtali við Vísi sagði Nadia lagið hafa orðið til eftir að henni blöskraði við að heyra rapptextana sem ung stúlka sem hún þekkti var að hlusta á.

---

15 Adams, TM og Fuller, DB. 2006 „The Words Have Changed but the Ideology Remains the Same: Misogynistic Lyrics in Rap Music,“ *Journal of Black Studies*, árgangur 36, hefti 6. Bls. 948. Sótt á vef Sage Journals. <http://jbs.sagepub.com/content/36/6/938> Bls. 948 (Skoðað 27.09.14) „Using such lyrics allows the male artists to boost themselves while degrading their female counterparts. The subjugation of African American women allows these artists to exalt themselves in a world that constantly oppresses them. This, the degradation of African American women lyrically provides these artists a means for asserting their masculinity.“

<sup>16</sup> Berggren, Kalle. (2014) „Hip hop feminism in Sweden; Intersectionality, feminist critique and female masculinity.“ *European Journal of Women's Studies*. Árgangur 21, hefti 3, bls. 245. Sótt á vef Sage Journals. <http://ejw.sagepub.com/content/21/3/233> (Skoðað 27.09.14).

<sup>17</sup> Berggren, Kalle. „Hip hop feminism in Sweden,“ bls. 245. „(...) the genre of hip hop is defined as a masculine space with norms of violence and aggression where women are cast as deviant. On the other hand, when female rappers adopt some of these genre norms, they produce some of the hardest and most uncompromising female characters, sometimes offering a politically conscious feminism, sometimes just plain violence.“

„Textinn [í „Passaðu þig“] er í raun bara eitt stórt fokk-jú merki til allra rapparanna sem hafa verið að rappa um konur og hlutgera þær og vera með kvenfyrirlitningu í textunum sínum.“<sup>18</sup>

„Passaðu þig“ er eina lagið sem Nadia hefur sent frá sér til þessa dags en það er í battlformi. Í laginu tekur hún sér vald með því að níða karlmennina.

Hvað er þetta, finn ég typpalykt  
í bland við hormónaða svitalykt og graslykt  
að tal'um stóra typpið sitt, sjitt.  
Ef þett'er þungavigt þá er ég í yfirvigt  
og get stútað þessu sjitti. Æ litli,  
ég er að farað svipta þínum titli.<sup>19</sup>

Í fyrri hluta þessa erindis rífur Nadia andstæðing sinn niður með því að gefa í skyn að karlrapparar stjórnist af kynfærum sínum, merki sér svæði með lykt frá þeim líkt og dýr og sýni vald með digurbarkalegum yfirlýsingum um reðurstærð. Orðið „sjitt“ er sett fram með kaldhæðnislegum tón til að undirstrika hvað slík hegðun megi sér lítið gegn hennar eigin rímum. Í seinni hluta erindisins rífur hún andstæðing sinn enn frekar niður með orðinu „litli“, sem gefur í skyn vanmátt hans, og byggir sig upp með því að segjast vera í yfirvigt og lýsa því yfir að hún muni sigra hann.

Hér, sem og víðar í texta lagsins, notast Nadia við orðræðu tengda kyni og kynlífi til að níða andstæðinga sína. Sú notkun er beint svar við niðrandi kynferðislegri orðræðu karlkyns rappara í garð kvenna. Niðrandi orðræða Nadiu er undirstrikuð í myndbandinu við lagið, þar sem hún sést pynta og niðurlægja karlmann á kynferðislegan hátt.

Í lagi sínu leikur Nadia ákveðin viðtekin gildi eftir til að ögra þeim. Þetta gerir hún bæði með textanum, sem notast við niðrandi kynferðislega orðræðu, og í myndbandinu, þar sem hún, konan, drottnar yfir karlmanninum. Í battl-texta Nadiu virðist lögmálið auga fyrir auga, tönn fyrir tönn gilda. Í stað þess að aftengja sprengjuna sem karlrapparar kasta með niðrandi orðræðu kastar hún sprengju á móti. Hún dregur til að mynda upp staðlaða og afar niðrandi mynd af karlkyns vöðvadýrkendum.

---

<sup>18</sup> „Nadia - Passaðu þig“. Vísir. 11. maí 2012. <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=CLP11278> (Skoðað 27.12.14).

<sup>19</sup> Nadia ft. Alvia. 11. maí 2012. „Passaðu þig.“ Sótt á *YouTube*. [https://www.youtube.com/watch?v=JY8o5\\_i8SM](https://www.youtube.com/watch?v=JY8o5_i8SM) (Skoðað 27.12.14)

Tekur líkamsþyngd í bekk,  
mynd af Gillz uppi á vegg  
og ríður bara stelpum í níunda bekk.<sup>20</sup>

Með setningunni gefur Nadia ekki einungis í skyn að ákveðin tegund karlmannna sé upp til hópa kvenhatarar, líkt og Egill Einarsson (Gillzenegger) er talinn af mörgum femínistum, heldur að þeir stundi kynlíf með barnungum stúlkum. Það sem liggur ósagt bak við síðustu línuna er ekki aðeins sú ásökun að karlmennirnir misnoti sér valdastöðu sína gagnvart ungum stúlkum heldur að það sé vegna þess að þeir geti ekki náð sér í þroskaðar konur. Á sama tíma og setningin gefur í skyn að viðkomandi karlmaður sé óþroskaður málari hún mynd af ungum stúlkum sem varnarlausum fórnarlömbum eða kjánum sem falla fyrir mönnum sem enginn annar vill og þannig er setningin á vissan hátt niðrandi fyrir þann hóp.

Titill lagsins er tekinn úr viðlaginu, þar sem Nadia rappar „Pah pah pah passaðu þig, ég er komin hingað til að snúa þessu við“. Eins og dæmin hér að ofan sýna glögglega reynir Nadia þó ekki að snúa niðrandi, kynjaðri orðræðu til betri vegar. Henni tekst ekki að skapa femínískt mótsvar heldur speglar hún ofbeldið sem finna má í verkum sumra karlkyns rappara.

Nadia er svo sannarlega ekki sú fyrsta til að beita þessari nálgun. Cheryl L. Keyes segir slíka nálgun einfaldlega vera eina af mörgum leiðum sem kvenkyns rapparar noti til að sanna fyrir karlkyns röppurum að konur geti haft vald yfir þeim karlmönnum sem taka þeim sem gefnum.<sup>21</sup>

Líkt og karlmenn „dissa“ hver annan „dissa“ kvenkyns rapparar einnig hver annan. Til þess að ríkja sem virtur jafningi í þessum bransa þurfa kvenkyns rapparar hins vegar einnig að skora á og „dissa“ karlkyns hliðstæður sínar með orðum og láta þá kenna á eigin bragði með harðkjarnastíl.<sup>22</sup>

Eins og áður sagði hefur Nadia ekki enn fylgt yfirlýsingum sínum eftir með öðru lagi, en þeim hefur verið svarað af Emmsjé Gauta, sem sendir henni battl-tóninn í laginu „Kinky“.

Ba-ba-ba-bara ég um mig  
Þú þarft kranabíl ef þú ætlar að snúa þessu við

---

<sup>20</sup> Nadia ft. Alvia. „Passaðu þig.“ 2012.

<sup>21</sup> Keyes, Cheryl L., „We’re more than a novelty, boys: strategies of female rappers in the rap music tradition“, *Feminist messages: coding in women’s folk culture*, Radner, (Urbana: University of Illinois Press, 1993) bls. 215.

<sup>22</sup> Keyes, Cheryl L., „We’re more than a novelty, boys,“ bls. 209. „As males dis one another, female rappers also dis other females. To reign as a respectable equal in this business, however, female rappers must also challenge and verbally dis their male counterparts, while simultaneously giving them „a taste of their own medicine in hardcore style.“

En ég er til að spila spil, já ég er veikur, ég er ill  
Ég geri mitt, þú gerir þitt, ég geri það sem að ég vil  
Hleð byssuskot, í sjálfan mig  
Er ekki að reyna að hitta kids

Því það ert þú ekki ekki ég sem stimplar mig sem fyrirmynd.<sup>23</sup>

Fyrsta línan er vísun í viðlag „Passaðu þig“ og jafnframt í fyrstu plötu Gauta, *Bara ég*. Með textanum segir Gauti að Nadia þurfi að gera betur ef hún ætli að setja sig á háan hest við hann en að hann sé fyllilega tilbúinn að takast á við hana. Það að hann sé „ill“ merkir að hann sé „sjúkt góður rappari“. Með byssuskotunum á hann við að rímur hans segi aðeins til um hans hugarheim, og að þeim sé ekki ætlað að vera ungu fólki til eftirbreytni enda hafi *Bara ég* aðeins fjallað um hann sjálfan. Í stað þess að mæta hörðu með hörðu færir Gauti rök fyrir listrænu frelsi rapparans.<sup>24</sup> Þessi rök hafði Nadia séð fyrir og rætt í áðurnefndu viðtali við Vísi. „Mér finnst samt að það eigi að taka einhverja ábyrgð því poppmenning er svo áhrifamikil. Menningin elur líka upp börn.“<sup>25</sup> Umræðan um listrænt frelsi og rappara sem uppaldur verður ekki tekin hér en benda má á að miðað við þá greiningu sem hér liggur fyrir væri auðvelt að saka Nadiu einnig um ábyrgðarleysi sökum ofbeldisfullrar framsetningar.

## Pegar konur taka völdin

Eitt fyrsta verk Reykjavíkurdætra var að gefa út lag nefnt eftir sveitinni. Í fyrstu línu lagsins segjast þær vera „ljónynjur forynjanna“.<sup>26</sup> Í viðlaginu skipa þær hlustendum að heyra „ljónynjuorg“ og má líta á lagið sem eins konar stefnuýfirlýsingu þeirra. Það að rapparnir leggi áherslu á kattardýrin stóru er ólíklegt að sé hrein tilviljun. Algengt er að orð yfir kvenkyns ketti séu notuð til að lýsa kvenfólki í textum karlkyns rappara Íslands. Í eina skiptið þar sem Emmsjé Gauti tengir ofbeldi og kynlíf á plötu á eigin vegum er það til að mynda af því að stúlkan „er með klær“ og hann „þarf að beita hörku til að kisan hún sé þæg“<sup>27</sup>. Gísli Pálmi kallar konur „kislóður“<sup>28</sup> og í nýlegu lagi BlazRoca „Læðan upp í loft“ er „læðan“ ekki aðeins notað yfir konur heldur jafnframt yfir kynfæri kvenna.<sup>29</sup> Eins og oftast þegar karlmenn rappa um kynfæri kvenna er „Læðan upp í loft“ síst af öllu femínískur óður til legganga. Myndhverfingin

<sup>23</sup> Emmsjé Gauti. 2013. „Kinky.“ *Þeyr*. (Reykjavík: EB Músík Ehf.) Geisladiskur.

<sup>24</sup> Þess má geta að setningin „ég geri það sem ég vil“ er vísun í sjálfstæðisyfirlýsingu Skyttanna, lagið „Ég geri það sem ég vil“.

<sup>25</sup> „Nadia - Passaðu þig.“ Vísir. 2012.

<sup>26</sup> Reykjavíkurdætur. 20. desember 2013. „Reykjavíkurdætur.“ Sótt á *YouTube*. <https://www.youtube.com/watch?v=wfFjxmq38> (Skoðað 27.12.14).

<sup>27</sup> Emmsjé Gauti. 2011. „Blikk blikk.“ *Bara ég*. (Keflavík: Geimsteinn).

<sup>28</sup> Gísli Pálmi. 2. desember 2011. „Hvað er uppi frændi.“ Sótt á *YouTube*. <https://www.youtube.com/watch?v=gndndf1lkx0> (Skoðað 15.11.14)

<sup>29</sup> BlazRoca ft. Herra Hnetusmjör og Valbybræður. 20. september 2014. „Læðan upp í loft.“ Sótt á *YouTube*. [https://www.youtube.com/watch?v=SotX3B\\_oRXo](https://www.youtube.com/watch?v=SotX3B_oRXo) (Skoðað 27.12.14).

er ekki alltaf niðrandi enda fer það eftir notkun hennar. Læður má þó temja og klappa og verða seint ógnandi en ljónynjur eru hættulegar. Þær verja ungvíðið með kjafti og klóm og veiða jafnframt til matar. Þá eru ljónynjur að mestu leyti hópdýr. Með því að mynda rapphóp slá Reykjavíkurdætur skjaldborg hver um aðra eins og ljónynjum sæmir og í stað hinnar gömlu mýtu um að konur séu konum verstar virkja þær það vald sem felst í fjöldanum.

Þegar battl skýtur upp kollinum í textum Reykjavíkurdætra beinist það sjaldnar að karlmönnum sem hópi eða einstaklingum og oftast að kerfinu sem heldur konum niðri. Dæmi um það er að finna í laginu „Fiesta“, þar sem Bleachy P og Cheesy J mæta á svæðið.

(...) sparkandi í grindverkið  
sem sundurliðar stórveldið  
undir skinni stórkarla  
á vörum femínistanna.<sup>30</sup>

Viðlag „Fiesta“ gefur til kynna að hér sé á ferð eitt af þeim áhyggjulausu djammlögum sem fjalla um samskipti kynjanna með léttúð. Raunin er þó önnur eins og við mátti búast.

Tónar dreymandi  
ljósin leikandi  
gyðjur á dansgólfi  
við getum allt  
Takturinn seyðandi  
líkamar þreifandi  
á þessu dansgólfi  
við megum allt

Hér er ekki um eiginlegt dansgólf að ræða heldur myndhverfingu. Lífið er dansgólf þar sem konur geta og mega allt það sama og aðrir og það er einmitt meginstefið sem liggur að baki öllum textum Dætranna. Myndmálið er ekki flókið en skilaboðin eru skýr.

---

<sup>30</sup> Reykjavíkurdætur. 8. apríl 2008. „Fiesta.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=XXzCYIvC6CU> (Skoðað 27.12.14).

## Að vera „ekta“

Cell7 er einn virtasti rappari landsins og er til að mynda eini rapparinn sem náð hefur inn á plötulista Kraums tónlistarsjóðs. Í laginu „I spit 90ies“ gerir hún upp fortíðina sem fyrsti fulltrúi kvenþjóðarinnar í íslensku rappi og segist meðal annars rappa fyrir kynsystur sínar.

I spit hot fire for the sake of woman  
Warming up,  
I'm the only girl in the game  
from miles away.<sup>31</sup>

Þegar hún tilkynnir endurkomu sína á senuna í laginu „Gal Pon Di Scene“ má líta svo á að hún sé enn að koma fram fyrir hönd kvenþjóðarinnar, enda segir hún sjálf „I represent to the fullest. I'm a feminist!“<sup>32</sup> Sú yfirlýsing að Cell7 sé femínisti er afar mikilvæg fyrir íslenskt rapp. Enn er ríkjandi sú tilhneiging að afskrifa konur í rappi og oft sjást athugasemdir við lög Reykjavíkurdætra á samfélagsmiðlum um að lög þeirra sé ekki „alvöru“ rapp. Cell7 er hins vegar ekki hægt að afskrifa með þeim hætti enda er hún gömul kempa í greininni og kemst nær hinu upprunalega hiphoppi í stílbrögðum en nokkur annar íslenskur rappari.

Bow down, shut down  
gal pon di scene  
run down, smack down  
gal make cream  
down town, lock down  
take all the green uh  
buckle down  
gal Phillipine.<sup>33</sup>

Þau völd sem Cell7 eignar sér í „Gal Pon Di Scene“ tekur hún til dæmis með því að skipa öðrum röppurum að hneigja sig. Að búa til rjóma (e. make cream) og taka allt það græna (e. take all the green) eru myndhverfingar yfir að raka inn seðlum, sem er hefðbundið valdamerki í hiphoppi og kemur t.a.m. við sögu í flestum lögum Gísla Pálma. Í rappi er hins vegar ekki sama hvort það er Jón eða séra Jón sem tjáir sig og er sá síðarnefndi yfirleitt illa séður.

Eins og Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir bendir á í ritgerð sinni virðist sem svo að rappinu fylgi skilyrði um að flytjendur hafi gengið í gegnum erfiðleika til að eiga tilkall til listformsins.<sup>34</sup> Það er

<sup>31</sup> Cell7 2013. „I Spit 90ies.“ Cellf (Kongó).

<sup>32</sup> Cell7.2013. „Gal Pon Di Scene.“ Cellf. (Kongó).

<sup>33</sup> Sama heimild.

<sup>34</sup> Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir. 2006. „„Allt er verbalt“ Um notkun tungumálsins í íslensku rappi.“ Lokaritgerð til B.A. –prófs. Háskóli Íslands. Bls. 106.



gríðarlega mikilvægt að vera „ekta“ í rappi enda falla allar valdaumleitarnir rappara um sjálfar sig séu þeir dæmdir „feik“. Leiðin að trúverðugleikanum er þó oft vandrötuð, en eins og Ana Sobral, prófessor í bandarískum fræðum, bendir á í grein sinni „Unlikely MC’s“ snýr hún að allri framkomu rapparans.<sup>35</sup> Hið listræna sjálf og hið dagsdaglega sjálf rapparans þurfa að vera brædd saman ellegar missir rapparinn vald sitt. Þannig er vandkvæðum bundið að gera skýr skil á milli rappsjálfsins og rapparans, til að mynda BlazRoca og Erps Eyvindarsonar. Skil á milli ljóðmælanda og rapparans þurfa að vera sett fram með skýrum hætti til þess að rapparinn virðist ekki vera að reyna að vera eitthvað sem hann er ekki.

Í síðustu setningu ofangreinds textabrots vísar Cell7 í uppruna sinn, en móðir hennar er frá Filippseyjum. Slíkar upprunavísanir eru afar algengar í hipphoppi, en þær eiga yfirleitt að undirstrika hversu „ekta“ rapparinn er. Í tilfalli Cell7 gerir tvöfalt þjóðerni hennar það að verkum að hún stendur meira út sem „ekta“ en flestir aðrir. Cell7 er „Jón“ af því að hún tilheyrir undirokuðum hópi kvenna, jafnt sem undirokuðum hópi þeirra sem búa að ólíkum húðlit og uppruna en meirihluti Íslendinga. Það að hún geti „reppað“ (e. represent) báða þessa hópa gefur henni aukið vald. Í rappi þykir hins vegar ekki sérlega trúverðugt að eiga efnaða foreldra eins og þrjótarapparinn (e. gangsta rap) Gísli Pálmi, en faðir hans er athafnamaðurinn Sigurður Gísli Pálmason. Hvað sem persónulegum erfiðleikum og sigrum Gísla Pálma líður þykir hann hafa fæðst með silfurskeið í munni og auðmenn eru ekki góður hópur til að „reppa“. Gísli Pálmi gerir raunar í því að upphefja eigið ríkidæmi, bæði í máli og myndum, en hefur þó reynt að snúa af sér „séra Jón“ með því að búa til „undirheima Jón“ í textum sínum. Dæmi um þetta má finna í laginu „Skynja mig“.

Er að standa í alls kyns braski  
Ekki neitt í mínu nafni.  
Já, það er gull í mínu skarti  
því ég stafla þessum pappír eins og furstar Abu Dhabi.<sup>36</sup>

Það að brask Gísla Pálma sé ekki í hans nafni gefur í skyn að það sé ólöglegt. Hins vegar mun það vera arðbært þar sem pappírinn sem hann staflar eru seðlar. Uppbygging sviðspersónu rappara fer hins vegar fram víðar en innan tónlistarinnar sjálfrar og barátta Gísla Pálma við silfurskeiðina fer til að mynda einnig fram í fjölmiðlum.

<sup>35</sup> Sobral, Ana. 2012. „UNLIKELY MCS’: Hip hop and the performance of Islamic Feminism.“ European Journal of English Studies. Árg. 16, tölublað 3. bls. 263  
<http://web.b.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=38e1604e-6808-4955-a830-ff8d9d224f37%40sessionmgr113&vid=1&hid=118> (Skoðað 28.12.14).

<sup>36</sup> Gísli Pálmi. 14. apríl 2013. „Skynja mig.“ Sótt á YouTube.  
<https://www.youtube.com/watch?v=nP1Ss041hXY> (Skoðað 27.11.14)

Í viðtali við Vísi árið 2012 er til að mynda tekið sérstaklega fram að rapparinn segist ekki hafa notið góðs af fjölskyldutengslum sínum fjárhagslega heldur hafi ávallt þurft að vinna fyrir sínu.<sup>37</sup> Í viðtali við sama miðil árið 2011 undirstrikar hann þá erfiðleika sem hann hefur gengið í gegnum þegar hann segist hafa verið í bullandi neyslu og stolið öllu steini léttara.<sup>38</sup> Skýrt er að Gísli Pálma þykir slík reynsla gera sig meira „ekta“ sem rappara.

„Ég nota mikið af slangri og það gæti þetta enginn nema að vera búinn að ganga í gegnum það sem ég hef gengið í gegnum — að vera búinn að hanga á röngum stöðum síðustu tíu árin.“<sup>39</sup>

Gísli Pálmi gerir sitt besta til að uppfylla þjáningarkröfu rappsins og þær umleitanir hans virðast hafa tilætluð áhrif enda nýtur hann sívaxandi virðingar í heimi rappsins. Íslenskir rapparar hafa þó frá upphafi átt í erfiðleikum með að uppfylla umrætt skilyrði og þurft að laga það að íslenskum veruleika. Framarlega í þeirri aðlögun eru Úlfur Úlfur og Emmsjé Gauti, sem hafa oftari tekið glamúrslausa og persónulega nálgun á textagerð en margir kollegar sínir. Í stað þess að beina spjótum sínum að einstaklingum eða yfirvöldum battla þeir í vaxandi mæli við innri djöfla. Líkt og Cell7 uppfylla Reykjavíkurdætur þjáningarskilyrðið nánast ósjálfrátt með því að tilheyra undirokuðum hópi. Með því að beita sér markvisst í jafnréttismálum minna þær enn frekar á erfiðleika þessa hóps og eins og sýnt verður fram á undirstrikar þessi barátta enn frekar þeirra „ekta“.

---

<sup>37</sup> Freyr Bjarnason. 24. nóvember 2012. „Oftast rifinn úr að ofan“ Vísi. <http://www.visir.is/oftast-rifinn-ur-ad-ofan/article/2012711249973> (Skoðað 28.12.14).

<sup>38</sup> Atli Fannar Bjarkason. 1. júlí 2011. „Búinn að lifa lífinu nóg“. Vísi. <http://www.visir.is/buinn-ad-lifa-lifinu-nog/article/2011706309865> (Skoðað 28.12.14).

<sup>39</sup> Sama heimild.

## Kynlíf í rappi

Kynlíf hefur lengi verið vinsælt viðfangsefni textahöfunda, þó svo að á árum áður hafi nær einvörðungu verið skrifað um efnið undir rós. Rapparar hafa rifið þessa rós í tætlur og í dag er algengt að heyra texta, bæði í rapp- og sönglögum, sem innihalda opinskáar yfirlýsingar um kynlíf. Kyn og kynlíf er einnig algengt viðfang tónlistarmyndbanda. Þar sýna rapparar meðal annars vald sitt með því að birtast umkringdir fáklæddu kvenfólki og jafnvel setja á svið kynlíf þar sem ekki er alltaf ljóst hvort konurnar eru viljugir þátttakendur eður ei. Yfirleitt er hins vegar ljóst að það er karlmaðurinn sem ræður ferðinni og hefur yfirráð yfir líkama kvennanna.

Þrátt fyrir að þær ýktu, kynferðislegu myndir af konum og körlum sem okkur birtast í heimi hipphopsins séu margar hverjar niðrandi þýðir það ekki að það sé alsæmt að sjá konur sem kynverur, eins og Mireille Miller-Young, prófessor í femínískum fræðum, bendir á í grein sinni „Hip-Hop Honeys and Da Hustlaz“.

Svið kynferðis inniheldur flókið valdasamhengi þar sem lægra sett viðfang er oft yfirbugað og eignað [yfirbugaranum]. Kynferðislegt athæfi og framsetningar eru hins vegar ríkar af möguleikum fyrir raungervingu og styrkingu sjálfins.<sup>40</sup>

Þegar konur ber á góma í textum karlkyns rappara Íslands er það oftast í tengslum við kynlíf eða samskipti kynjanna en misjafnt er hvort framsetningin er niðrandi eða ekki. Með tilkomu Reykjavíkurdætra og undirsveita þeirra hafa bæst nýjar og ólíkar raddir í orðræðu um kynlíf í rappi. Margir texta þeirra miða að því með virkum hætti að færa valdið yfir kvenlíkamanum, sem og líkómum yfir höfuð, aftur til sinna réttu eigenda. Í þeim umleitunum sínum virðast þær síður en svo hræddar við að vera kynþokkafullar eða kynferðislegar.

Á síðunum sem fylgja verður gert grein fyrir mismunandi tilhneigingum ólíkra rappara með tilliti til samhengis valds og kynlífs.

---

<sup>40</sup>Miller-Young, Mireille. 2008. „Hip-Hop Honeys and Da Hustlaz: Black Sexualities in the New Hip-Hop Pornography“. *Meridians*. Árgangur 8, tölublað 1. bls. 286. Sótt á vef EBSCO Host. <http://web.b.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=102e959d-bc76-40c8-95b5-8384069aa282%40sessionmgr115&vid=2&hid=118> (Skoðað 27.12.14.) „The realm of sexuality embeds complex power relations in which the subaltern subject is often conquered and colonized. However, sexual practices and representations are rich with possibilities for self-actualization and empowerment.“

## Femínísk kvenfyrirlitning?

Strax í fyrstu setningu annars lags á fyrsta diskri XXX Rottweilerhunda braut rappfrumkvöðullinn BlazRoca óskrifaðar siðareglur íslensks samfélags með því sem þá þótti sérlega gróf lína.

Að ég sé hóra HAH! Það er ekkert nýtt  
hvað heldurð'að mamma þín fái að ríða frítt?<sup>41</sup>

Lagið, „Sönn íslensk sakamál“, er eitt af höfuðverkum íslensks rapps. Í setningunni hér að ofan tekur BlazRoca móðgun og snýr henni við, sem er afar mikilvægt stílbragð í battli, en móðgunin er löðrandi í kynjaðri orðræðu, líkt og stór hluti texta BlazRoca allt fram til þessa dags.

Brandarar um „mömmu'ðína“ koma yfirleitt upp um þá afstöðu að konur séu veikara kynið og á einhvern hátt eign karlanna. BlazRoca hefur enda oft verið verið sakaður um andfemíníska orðræðu en slíkri gagnrýni hefur hann andmælt harðlega. Í grein sem birtist á vefritinu Smugunni árið 2012 segist hann vera femínisti en líkt og Emmsjé Gauti í „Kinky“ segist hann hins vegar ekki vera fyrirmynd. Í greininni viðurkennir hann að margir texta sinna séu grófir en undirstrikar að hann sé einungis að endurspegla raunveruleikann.

„Spurðu mig í alvöru hvernig mér finnst að hlutirnir eigi að vera og hverju ég berst fyrir. Þá færðu alvöru svar sem er algjörlega í samræmi við mínar lífsskoðanir (...)  
En spurðu mig hvernig hlutirnir eru í eftirpartýum, klúbbum, beddanum og flöskunni og ég bendi þér á umdeildustu textana mína.“<sup>42</sup>

Rapparinn kveður gagnrýnina ósanngjarna og ekki byggða á djúpri vitneskju um verk sín. Telur hann upp lög sem hann segir að „grunnvitirir vælarar“ hafi ekki hugmynd um. Meðal þeirra laga er „Fullorðins“, þar sem BlazRoca rappar um kynlíf með tveimur stúlkum undir lögaldri.<sup>43</sup> Ljóðmælandinn tekur fram að hann hafi ekki vitað um aldur stúlkanna og að hann hafi áhyggjur af því að svo ungar stúlkur séu að stunda kynlíf með eldri mönnum. Orðavalið bendir þó ekki til virðingar fyrir kvenfólki því stúlkurnar kallar hann skinkur, beyglur, kellingar, Fellamellur og slötts. Þá einkennast allar lýsingar á kynlífinu af því að karlmaðurinn sé sá sem stjórnar og framkvæmir og í raun virðast þær alfarið óvirkir og valdalausir þátttakendur.

<sup>41</sup> XXX Rottweilerhundar. 2001. „Sönn íslensk sakamál“.

<sup>42</sup> Erpur Eyvindarson (BlazRoca). 2012. „Að fá granítharðan Imma Ananas í hárugan bílskúrinn“ Vefritið Smugan, 3. desember 2012, <http://smugan.is/2012/12/ad-fa-granithardan-imma-ananas-i-harugan-bilskurinn/> (Skoðað 18.09.14).

<sup>43</sup> BlazRoca. 2010. „Fullorðins.“ *KópaCabana*. (Keflavík: Geimsteinn).

„Fullorðins“ er raunar ekki það lag rapparans sem vakið hefur mesta athygli vegna andfemíníssks orðalags. Lítum á dæmi úr textanum við „Elskum þessar mellur“.

Skinkur nýfallnar og volgar úr Byrginu

mella er mín kapella

Hnakka slött

sem pakkar skott.<sup>44</sup>

Orðið skinka vísar til stúlku sem fylgir ákveðnum fatastíl sem einkennist af þröngum fötum, mikilli brjóstaskoru, förðun og gervibrúngu. Skinkur eru tengdar við yfirborðskennd, sem oft er tengd við óöryggi og lágt sjálfssálit. Orðið nýfallnar vísar til þess að þær eigi við fíkn að stríða og séu nýbyrjaðar að neyta vímugjafa á ný. Margir vistmenn kristilega meðferðarheimilisins Byrgisins urðu síðan fyrir kynferðislegri misnotkun af hálfu meðferðaraðila.<sup>45</sup> Nýfallin skinka úr Byrginu er þannig myndhverfing fyrir stúlku sem hefur ítrekað verið brotin niður af mótlæti og ofbeldi. Það að skinkurnar séu „volgar“ gefur til kynna að þær séu nýsloppnar úr greipum kynferðisofbeldis og að þessar aðstæður þeirra geri þær að auðveldri bráð. Með því að líkja mellu við kapellu segir ljóðmælandinn að hann dýrki lauslátar konur en raunar mætti taka greininguna enn lengra og segja að hann „fari í“ lauslátar konur, til að iðka sína trú, sem er þá kynlíf. Hnakkar eru karlkyns útgáfan af skinkum og það að „pakka skott“ er slangur yfir að vera með stóran rass (e. junk in the trunk). Af textabrotinu má því ráða að þær konur sem ljóðmælandinn kys að stunda kynlíf með séu brotnar, lauslátar skinkur með stóra rassa.

Annað eftirtektavert textabrot úr laginu hrynur af vörum rapparans Emmsjé Gauta:

„Þú ert bara ráðin til að kyngja

kinka kolli á milli lappa og hlusta á mig syngja“<sup>46</sup>

Jafnvel þó svo að ekki þurfi að skilja orðið „ráðin“ sem svo að umræddri konu sé borgað fyrir munnmökin er setningin niðrandi. Konunni er ekki ætlað að njóta kynlífsins eða hafa nokkuð um það að segja hvernig það fer fram heldur er það einungis hennar hlutverk að framkalla unað fyrir karlmanninn. Laginu lýkur með yfirlýsingu BlazRoca um að rappararnir séu jafn lauslátir og konurnar sem þeir röppuðu um og að það sé allt í lagi að vera „mella“.

<sup>44</sup> BlazRoca ft. Emmsjé Gauti. 2010. „Elskum þessar mellur.“ *KópaCabana*. (Keflavík: Geimsteinn).

<sup>45</sup> „Guðmundur í Byrginu dæmdur í þriggja ára fangelsi.“ 5. september 2008. *Eyjan*. <http://eyjan.pressan.is/frettir/2008/05/09/gudmundur-i-byrginu-daemdur-i-thriggia-ara-fangelsi/> (Skoðað 19.11.14).

<sup>46</sup> BlazRoca ft. Emmsjé Gauti. 2010. „Elskum þessar mellur.“

BlazRoca hefur sagt að hann hafi skrifað lagið til að hampa kynfrelsi óháð kyni.<sup>47</sup> Hann hefur einnig sagt að lagið geri grín að skinkum og hnökkum og sé ádeila.<sup>48</sup> Bæði ofangreind lög BlazRoca mætti lesa sem gagnýni á karlmenn sem hlutgera konur ef litið er á textana sem ádeilur. Rappádeilur eru hins vegar bundnar þeim vandkvæðum að flestir hlustendur tengja ljóðmælandann við rapparann sjálfan, þar sem slík tenging er hluti af hefðbundinni uppbyggingu hins „ekta“ rappsjálfs. Ef við lítum á viðtökur „Við elskum þessar mellur“ og þá merkingu sem varð til í samspili hlustenda og textans sjálfs er ljóst að ádeilan var í það minnsta það óskýr að BlazRoca sá sig tilneyddan til að útskýra hana í fjölmiðlum eins og dæmin hér að ofan sýna.

## Dulin kvenfyrirlitning

Í þrjátárrappi er gjarnan fyrir nokkurri kvenfyrirlitningu að fara. Þrjátárrapparinn Gísli Pálmi hefur raunar fá orð um konur í textum sínum. Þá sjaldan að þær ber á góma notar hann yfirleitt niðrandi orð og almennt eru konur helst til umræðu sem viljalausir aukahlutir í tengslum við kynlíf. Fjarveru kvenna í rapptextum mætti raunar einnig túlka sem niðrandi afl þar sem tilvist kvenna er þöggud niður utan kynlífs.

Í öllum þeim lögum sem rapparinn hafði sent frá sér í lok desember 2014<sup>49</sup> notar hann aðeins fjögur beinlínis niðrandi nafnorð um konur: tík, hóra, mella og kelling. Hin orðin sem hann notar yfir konur eru dama, kisolóra og litla mamman. Niðrandi orð eru þannig í skýrum meirihluta og eru jafnvel allsráðandi því ef litið er til samhengisins má túlka flest þessara jákvæðu orða sem niðrandi. Dæmi um það má finna í laginu „Set mig í gang“:

Kræki einn á krókinn  
Ræti hennar óskir  
Og eftir mig verður kellingin kófsveitt  
Bara sama gamla þegar ég fer að draga hana inn á klósett  
Sama hvaða dama verður litla mamman óþekk.<sup>50</sup>

Textabrotið lýsir kynlífi ljóðmælanda með stúlku sem hann hefur kynnst sama kvöld. Það getum við gefið okkur af því að fyrsta línan gefur í skyn að hann „veiði hana“ og sú næstsíðasta segir okkur að kynlífið fari fram inni á klósetti, sem gefur til kynna að þau séu stödd á skemmtistað. Það að hann „ræti hennar óskir“ stangast á við að það þurfi að „draga hana“ inn á klósett, sem gefur til kynna að hugsanlega sé hún ekki viljugur þátttakandi.

<sup>47</sup> Erpur Eyvindarson. 2012. „Að fá granítharðan Imma Ananas í hárugan bílskúrinn“ Vefritið Smugan

<sup>48</sup> „Erpur: Ég er femínisti.“ 7. febrúar 2011. *Bleikt*. <http://bleikt.pressan.is/lesa/erpuregerfeministi/> (Skoðað 19.11.14)

<sup>49</sup> Til og með 27.12.14.

<sup>50</sup> Gísli Pálmi. 17. júní 2011. „Set mig í gang.“ Sótt á *YouTube*. [https://www.youtube.com/watch?v=2YBOJl\\_hrH8](https://www.youtube.com/watch?v=2YBOJl_hrH8) (Skoðað 15.11.14).

Ljóðmælandi Gísla Pálma er gerandinn í öllum samskiptum sínum við stúlkuna. Það er fyrst í síðustu setningunni sem hún verður einhvers konar gerandi, verður óþekk. Þar koma einmitt „jákvæðu“ orðin, „dama“ og „litla mamman“, fyrir. Þessi setning byggir á afar algengri fantasíu, um siðprúðu stúlkuna sem breytist í kynlífsgyðju bak við luktar dyr. Fantasían byggist á því að konan sé eign karlmansins og eigi að þóknast honum. Má líkja henni við höfuðklæðin sem konur eiga að klæðast innan um aðra en eiginmenn sína samkvæmt íslamstrú. Konur eiga að vera þægar og góðar á götum úti en „óþekkar“ í rúminu. Þegar karlmenn stunda eða njóta kynlífs eru þeir einfaldlega að vera karlmenn en þegar konur stunda eða njóta kynlífs eru þær hins vegar oft sagðar „óþekkar“ líkt og í textabrotinu hér að ofan. Í því samhengi eru jákvæðu nafnorðin því ekki notuð sem hrós eða upphafning heldur til að færa það í orð að viðkomandi sé yfirleitt „þæg“ og undirgefin.

Ef við gefum okkur að kynlífið í textabrotinu sé með samþykki konunnar er því gefið í skyn að hún sætti sig við þessa fantasíu og hlutverk sitt sem sú undirokaða. En ef við gefum okkur að orðið „draga“ innihaldi ofbeldisfulla, kúgandi undirtóna merkir setningin að konan muni ekki komast upp með að vera siðprúð. Skilaboð textabrotsins hvað varðar samþykki eru óræð en skilaboðin um stöðu konunnar gagnvart karlmanninum eru það ekki.

Í öðrum lýsingum Gísla Pálma á kynlífi er yfirleitt gefið í skyn að það sé gróft og harkalegt. Vissulega njóta margar konur harkalegs kynlífs og geta bæði verið gerendur og þiggjendur þegar kemur að unaðsblöndnum sársauka. Í kynlífslýsingum er þó ekki alltaf ljóst hvort um sársauka, unað eða sársaukakenndan unað sé að ræða. Setningin „Tíkur bítandi í koddann sinn“ úr laginu „Loftleiðir“ gefur til að mynda í skyn að þær sem sofi hjá ljóðmælandanum þurfi að bíta í koddann til að öskra ekki<sup>51</sup> en ekki er ljóst hvort öskurþörfin stafi af unaði, sársauka eða hvoru tveggja. Nafnorðið „tíkur“ er hins vegar óhákvæmilega niðrandi.

## Að afsala sér völdum

Textar BlazRoca og Gísla Pálma fjalla að sjálfsögðu um ýmis önnur málefni en konur og kynlíf. Þegar konur ber á góma í textum þeirra er það þó yfirleitt í samhengi við kynlíf og mun oftast ekki er notast við niðrandi nafnorð til að lýsa þeim. Í þeim lögum sem BlazRoca sendi frá sér á árunum 2010 til 2015 koma fyrir 37 nafnorð yfir konur<sup>52</sup>, sum þeirra margsinnis. 26 þeirra nafnorða eru beinlínis niðrandi<sup>53</sup> og sum hinna 11 sem eftir standa má einnig líta á sem niðrandi vegna þess samhengis sem þau birtast í. Emmsjé Gauti hefur gefið út tvær

<sup>51</sup> Gísli Pálmi. 13. júní 2014. „Loftleiðir.“ Redd Lights og Guli Drekkinn. Sótt á YouTube. <https://www.youtube.com/watch?v=LBvA68s2TRM> (Skoðað 27.11.14)

<sup>52</sup> Samkvæmt talningu höfundar.

<sup>53</sup> Sum orð eru ekki niðrandi í sjálfu sér, s.s. hryssa, en verða niðrandi sem myndhverfingar.

einfaraskífur og á þeim er aðeins eitt beinlínis niðrandi orð að finna: slangurorðið „bitch“. Deila má um hvort orðið feli í sér kvenfyrirlitningu í því samhengi sem rapparinn notar orðið. Nokkur niðrandi orð er þó að finna í „Elskum þessar mellur“ sem hann rappar með BlazRoca og sagt var frá hér að framan.

Úlfur Úlfur sker sig úr hópnum. Ekkert nafnorð í öllum þeim lögum sem sveitin hefur gefið út<sup>54</sup> er beinlínis niðrandi fyrir konur og aðeins einu sinni kemur annars hlutlaust nafnorð fyrir á niðrandi hátt. Það er setningin „þar til ég banga chick,“<sup>55</sup> í lagiinu „Meðan ég er ungur“. Hljómsveitin notar oftast jákvæð orð yfir konur og textar hennar um kynlíf einkennast af nánd og samþykki þar sem völdin eru ýmist sett í hendur kvenna eða þeim útteilt jafnt. Lagið „Föstudagurinn langi“ er gott dæmi um þetta, en það fjallar um einnar nætur gaman.<sup>56</sup> Snemma í textanum segir ljóðmælandi Arnars að konan sem hann deilir nóttinni með gefi honum þúsund ástæður til að yrkja um kúr og ást. Sú setning er strax innilegri en önnur textabrot sem tekin hafa verið fyrir í þessari ritgerð en valdið sem konan hefur kemur þó skýrar í ljós þegar kemur að viðlagi lagsins:

Vil ekki sofna, ég vil vera þér hjá  
vil ekki vakna því þá ferðu mér frá.<sup>57</sup>

Með því að játa að hann vilji ekki missa af tíma með henni dregur ljóðmælandinn úr sinni valdastöðu en konan er þá þegar með yfirhöndina enda er það hún sem fer þegar morgnar. Valdið verður enn skýrara þegar ljóðmælandi Helga tekur við textanum:

Svörtu augun þín dáleiða mig, ég er lamaður  
gerðu alla þína galdra bak við þykkar gardínur  
í þínum höndum er ég gjörsamlega valdalaus  
komdu nær ég lifna við eins og Lazarus.<sup>58</sup>

Ljóðmælandinn segir hér beinum orðum að stúlkan sé sú sem hafi valdið þegar kemur að kynlífsathöfnum þeirra. Hvílubrögðum hennar gefur hann yfirnáttúrulegan blæ með því að segja þau galdra og líkja holdrisi sínu við upprisu Lazarusar frá dauðum.

---

<sup>54</sup>Til og með 31.12.14.

<sup>55</sup> Úlfur Úlfur, 7. júlí 2011. „Meðan ég er ungur.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=ZACXSzgHNul> (Skoðað 27.12.14).

<sup>56</sup> Úlfur Úlfur, 19. desember 2011. „Föstudagurinn langi.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=WRInP8ETiSg> (Skoðað 27.12.14)

<sup>57</sup> Sama heimild.

<sup>58</sup> Sama heimild.



Þó svo að konan hafi völdin er einnig skýrt að hún hefur samþykki ljóðmælandans. Ljóðmælandi Arnars segir þau hafa mæst „með klofin okkar opin bæði tvö“<sup>59</sup> og gefur þannig til kynna að báðir aðilar hafi verið að leita að stundargamani og ljóðmælandi Helga lýsir þeim sem tveimur rándýrum. Þannig er ljóst að hér er ekki um veiðimann og bráð að ræða eins og í texta Gísla Pálma á bls. 23 heldur jafningja. Sú er raunin í flestum textum Úlfanna. Setningin sem inniheldur orðatiltækið „banga chick“ í „Meðan ég er ungur“ er til að mynda í heild sinni „Þar til ég banga chick, þreyttur, í miðjum ástarlotum dey“.<sup>60</sup> Notkun orðatiltækisins er ólík notkun annarra íslenskra karlrappara, sem „banga“ nær undantekningarlaust „chicks“, í fleirtölu. Þá er því fylgt eftir með orðinu „ástaratlot“, sem gefur til kynna samþykki og nánd.

Í „Svörtu augun þín“ er að finna eina dæmið utan „banga chick“ þar sem ljóðmælandi Úlfanna er einhliða gerandi í kynlífi. Ljóðmælandi textans elskar konu sem er fíkill og hefur upplifað ýmislegt misjafnt. Í textanum er sandur myndhverfing fyrir kókaín, og titill lagsins vísar til þess þegar sjáöldur augna fólks stækka vegna vímu af slíku efni. Í textanum er eftirfarandi lýsing tvítekin:

Hvíli beinin inn í þér  
kyssi brjóstin og rifin tel.<sup>61</sup>

Að „hvíla beinin“ inni í annarri manneskju gefur til kynna náíð kynlíf með einhverjum sem gerandinn treystir. Það að ljóðmælandi kyssi brjóstin gefur til kynna blíðu og frekar ást á kvenlíkamanum en „notkun“, sérstaklega þegar litið er til samhengis textans. Aftur kjósa Úlfarnir að nota fremur fallegt og eðlilegt orð yfir konur og kvenlíkamann frekar en niðrandi slangur. Það að ljóðmælandi telji rif stúlkunnar gefur til kynna að hún sé afar horuð og mætti ætla að hann sé í raun að njóta þess litla tíma sem þau eiga eftir og telja niður í dauða hennar. Kynlífið er því ljúfsárt, umvafið alúð en einnig yfirvofandi sorg.

### Líkaminn endurheimtur

Það að karlkyns tónlistarmenn eignu sér konur er ekkert nýtt en minna hefur verið um að íslenskar tónlistarkonur hafi tekið valdið til baka með róttækum hætti. Með tilkomu Reykjavíkurdætra og undirsveita þeirra varð þar áberandi breyting á þó að aðferðirnar séu ólíkar milli rappara. Salka de la Sol og MC Blær hafa t.a.m. vakið athygli fyrir beittar samfélagslegar „rapp öpp“ ádeilur þar sem þær fara yfir það sem hæst ber í þjóðfélaginu hverju sinni, oft með áherslu á málefni kvenna. Rappríóið Þrjár basískar dregur upp

<sup>59</sup> Afbökun á texta Páls Óskars Hjálmtýssonar við lagið „Þú komst við hjartað í mér“ þar sem segir „Við mættumst þar með hjörtun okkar brotin bæði tvö.“

<sup>60</sup> Úlfur Úlfur, 7. júlí 2011. „Meðan ég er ungur.“

<sup>61</sup> Úlfur Úlfur, 29. maí 2011. „Svörtu augun þín.“ Sótt á YouTube.

<https://www.youtube.com/watch?v=DVKqIAqzI4> (Skoðað 27.12.14).

gamansama mynd af daðri á tímum samfélagsmiðla í laginu „Tindersexý“ og í lagi Reykjavíkurdætra „Tíminn tapar takti“ rappa þær MC Blær, Katrín Helga Andrésdóttir og Þynkerbell um valdabaráttu í samskiptum kynjanna. Róttækustu textana semur dúettinn Hljómsveitt, sem er skipuð Katrínu Helgu og systur hennar Önnu Töru. Tónlist þeirra og flæði myndi raunar seint flokkast sem hiphoppónlist og systurnar rappa heldur ekki í öllum lögum sínum. Þar að auki gera þær stöllur lítið af því að rakka aðra niður líkt og flestir aðrir íslenskir rapparar.

Það þýðir þó ekki að textar sveitarinnar séu ekki knúnir áfram af þeirri valdabaráttu sem einkennir rapp. Í grein sinni „Feminist Voices in Hip Hop“ bendir Imani Perry, prófessor í afrísk-bandarískum fræðum, á að endurheimt líkamans og þeim þráum sem honum fylgja sé ein af margvíslegum leiðum sem konur nýta til að ryðja sér til rúms og öðlast vald innan hiphoppheimsins.<sup>62</sup> Þessi endurheimting kvenlíkamans er einmitt helsta viðfangsefni Hljómsveittar. Fyrsta rapplagið sem sveitin sendi frá sér heitir „Kynþokkafull“ og fjallar um þá fegurð sem felst í náttúrulegum líkamshárvesti kvenna. Mörgum þykir nóg um hispursleysi hljómsveitarinnar og hefur jafnvel verið gefið í skyn að stúlkurnar séu full ráðríkar. Með textanum eru þær þó ekki að hvetja til þess að konur hætti öllum rakstri á líkamshárum enda segir í lok hans að áheyrandi sé kynþokkafullur „sama hvaða klipping er í klofinu“.<sup>63</sup> Tilgangurinn er að miðla þeirri hugmynd að hlustandi ákveði sjálfur hvers konar líkamshárvöxtur henti honum og tileinki sér fordómaleysi í garð annarra. Textinn snertir vissulega á kynlífi en megináhersla hans er gagnrýni á ríkjandi fegurðarstaðla. Þrátt fyrir að útlitsþrýstingur á karlmenn hafi farið vaxandi á síðustu árum er hann seint sambærilegur við þann þrýsting sem kvenþjóðin fær að finna fyrir frá degi til dags úr heimi dægurtónlistar. Í „Elskum þessar mellur“ rappar Emmsjé Gauti til að mynda „Rök rökuð þíka er eitthvað sem ég fíla“.<sup>64</sup> Illfinnanlegir eru íslenskir textar þar sem kynþokki rakaðs pungs er tíundaður og jafnvel virðist vöðvadýrkun sú sem er við lýði í ákveðnum hópum samfélagsins afar sjaldan læðast að. Það er einmitt vegna þess valds yfir líkómum kvenna sem karlmenn taka sér með textum eins og „Elskum þessar mellur“ sem hljómsveitir á borð við Hljómsveitt finna sig knúnar til að taka valdið til baka. Systurnar eru alls óhræddar við að ganga fram af fólki í þeim erindagjörðum sínum, eins og sést vel á textanum við „Kynþokkafull“, sem þó hljómar eins og vísa úr sunnudagaskólanum miðað við „Næs í rassinn“.

---

<sup>62</sup> Perry, Imani. 1995. „Feminist Voices in Hip Hop. It’s my thang an I’ll swing it the way that I feel! Sexuality and Black women rappers.“ *Gender, Race and Class in media*. Dines, Humes, (Thousand Oaks: Sage Publications Inc.).

<sup>63</sup> Hljómsveitt. 22. desember 2013. „Kynþokkafull“. Sótt á *YouTube*. [https://www.youtube.com/watch?v=mk\\_aWPTR9Io](https://www.youtube.com/watch?v=mk_aWPTR9Io) (Skoðað 27.12.14).

<sup>64</sup> BlazRoca ft. Emmsjé Gauti. 2010. „Elskum þessar mellur.“

Sama hvaða kyn, straight eða gay  
með strap-on eða „the natural way“

hvernig er hægt að vera með örvandi op og ekki vilja pot pot pot.<sup>65</sup>

Dæmi þetta sýnir glögglega helsta umfjöllunarefni lagsins, sem fjallar um að vera „móttakandi“ endaparmsgæla. Lagið brýtur upp þá staðalímynd að endaparmsmök séu óviðeigandi fyrir gagnkynhneigða karlmenn eða að sá sem þiggi slíkar gælur sé „sá undirgefni“. Margir andstæðingar fémínisma hafa frá upphafi dregið kvenleika og kynferði kvenkyns fémínista í efa og gefið í skyn að þær séu kynkaldar og/eða teprur. Að sama skapi hafa sumir fémínistar hvatt konur til að iðka ekki ákveðnar kynlífsathafnir þar sem þær séu táknrænar fyrir undirgefni við karlmenn og feðraveldið. Stúlkurnar koma raunar inn á slíkar hugmyndir í laginu:

Ég hélt þetta væri kvenkúgun og einhliða nautn  
en með rétta manninum verða lökin mín svo blaut.<sup>66</sup>

Þá rappar Katrín Helga línuna „Ég er fémínisti og ég kyngi“, sem er mikilvægt undirþema lagsins, því að konur geti notið kynlífs til jafns við karla og framkvæmt ákveðnar athafnir án þess að vera undirgefna. Áhersla Hljómsveitt er þannig á kynfrelsi og að færa valdið yfir eigin líkama frá samfélaginu til einstaklingsins, en sú áhersla er undirstrikuð allrækilega í laginu með setningunni „saurfóbía er félagsmótun“.

### Kvenleikinn sem „ekta“

Í laginu „Reykjavíkurdætur“ segir Cheesy J að (rapp)flæðið berist „eins og blóð í bindi“. Á sama tíma og hún líkir rappi við blæðingar upphefur hún túrblóð. Þessi óvenjulega upphafning á kvenlegri líkamsstarfsemi er fémínísk yfirlýsing gegn þöggun feðraveldisins gagnvart störfum og þörfum kvenlíkamans. Sú yfirlýsing var meðal annars endurtekin af Dætrunum á öðru kvöldi Iceland Airwaves-hátíðarinnar 2014 þegar þær klæddust hvítum fötum frá toppi til tóttu en voru jafnframt með rauðar málningarslettur frá klofi og niður eftir fótleggjunum. Þýðing þessa myndræna gjörnings er stolt yfir hinu kvenlega og uppreisn gegn karlaveldinu, en Dæturnar taka sér vald með því að neyða umheiminn til að horfast í augu við þá þrjá þætti sem í honum felast. Í fyrsta lagi vísa slettur til túrblóðs og þess að það ætti ekki að vera feimnismál að konur hafi blæðingar. Í öðru lagi er blóðið ásamt hvíta klæðnaðinum vísun í það að sumum konum blæði þegar þær stundi kynlíf í fyrsta skipti. Með því að lýsa sig „flekkaðar“ með þessum hætti segja Reykjavíkurdætur að það skipti ekki máli hvort stúlka sé „hrein mey“ eða

<sup>65</sup> Hljómsveitt. 8. október 2014. „Næs í rassinn“. Sótt á *YouTube*.  
[https://www.youtube.com/watch?v=5F\\_INMLk\\_IE](https://www.youtube.com/watch?v=5F_INMLk_IE) (Skoðað 27.12.14).

<sup>66</sup> Hljómsveitt. 8. október 2014. „Næs í rassinn“.

ekki. Í þriðja lagi vísar blóðið til þess ofbeldis sem margar konur verða fyrir af hendi karla og þess að konur þurfi að líða fyrir kyn sitt. Auk hins hugmyndafræðilega tilgangs búninganna undirstrika þeir það rappsjálíf sem Dæturnar hafa skapað sér og stuðla að trúverðugleika þess. Kynferðisofbeldi er einmitt umfjöllunarefni Reykjavíkurdætra í laginu „D.R.U.S.L.A.“, sem samið var sérstaklega fyrir Druslugönguna sem gengin er árlega til að vekja athygli á því að nauðganir séu aldrei þolendum að kenna. „D.R.U.S.L.A.“ miðar að því að skila skömminni og færa aftur vald yfir líkómum til einstaklinga og þá ekki síst kvenna, sem verða oftast fyrir skækjuskömm (e. slutshaming) en karlar. MC Blær vindur sér beint í mál málanna í upphafi lagsins.

D.R.U.S.L.A.

Það gefur þér ekkert leyfi ert' að skilja það?

Of sæt, of full, of ein of seint of tilíða.

Ekki skylt'að hlýða, konur segja sjálfar komdu ef þær vilja ríða.

Annars þarft'að bíða.<sup>67</sup>

Þessi grundvallarskilaboð eru auðskiljanleg en þörf. MC Blær heldur áfram og bendir á að konum sé nauðgað hvort sem þær eru í „búrku, blautbol eða bikini“ þrátt fyrir að samfélagið prenti samviskubit inn í fórnarlömb kynferðisofbeldis með áherslu á að ákveðinn klæðaburður bjóði hættunni heim. Næsta erindi rappar Bleachy P, sem kastar fram breytingu á umdeildri línu í lagi Beyoncé Knowles „Drunk in Love“.

Við erum engin fokkin- grey

að þegja er það - sam'og nei

Dont eat the cake Anna Mae,

Dont eat the cake Anna Mae, hey!<sup>68</sup>

Í „Drunk in love“ er setningin „Eat the cake Anna Mae“<sup>69</sup> tvítekin af rapparanum Jay-Z. Anna Mae Bullock er hið rétta nafn söngkonunnar Tinu Turner. Línan er fengin að láni úr kvikmyndinni „What's Love Got to Do with It“ þar sem hinn afbrýðisami eiginmaður Tinu, Ike Turner, sést neyða hana til að borða köku.<sup>70</sup> Samhengi textans og flutningur lagsins gefur í skyn að það ofbeldi sem Tina var beitt sé kynþokkafullt. Bleachy P snýr þessu ofbeldi við með því að hvetja Önnu Mae til að borða ekki kökuna. „Don't eat the cake Anna Mae“ er í raun hvatning til þolenda heimilisofbeldis að láta það ekki yfir sig ganga og skila skömminni aftur til

<sup>67</sup> Reykjavíkurdætur. 23. júlí 2014. „D.r.u.s.l.a.“ Sótt á YouTube. <http://www.visir.is/dansad-vid-lag-um-naudganir/article/2014140729555> (Skoðað 27.12.14).

<sup>68</sup> Sama heimild.

<sup>69</sup> Beyoncé Knowles. 16.12.2013. „Drunk in Love.“ Sótt á YouTube. <https://www.youtube.com/watch?v=p1JPKLa-Ofc> (Skoðað 27.12.14).

<sup>70</sup> Brian Gibson. 1993. „What's Love Got to Do with It“. Touchstone Pictures.

síns heima. Eftir að Bleachy P hefur komið sínum skilaboðum á framfæri deila rappararnir á slök viðbrögð íslenska réttarkerfisins við kynferðisbrotum.

Ég sagði nei - það var ekki nóg

Blá og marín - það var ekki nóg

Áfallastreituröskun - það var ekki nóg

Ég var að segja satt en það var ekki nóg.<sup>71</sup>

Rappið rímar vel við þá gagnrýni sem áður hefur komið fram á íslenska dómstóla, þar sem mörgum þykja þeir taka of létt á þeim sem ákærðir eru fyrir kynferðisbrot og að sönnunarbyrðin sé of ströng. Skot Reykjavíkurdætra á yfirvaldið rímar vel við umkvörtunarefni þeldökkra bandarískra rappara, sem hafa margir hverjir upplifað ósannngirni í réttarkerfinu vegna húðlitar síns. Slíka mismunun hafa fæstir, ef einhverjir, íslenskir karlrapparar þurft að reyna. Líkindin milli kvenkyns rapparanna og bandarískra starfsbræðra þeirra má einnig sjá á notkun þeirra á niðrandi orðum yfir konu, r en til dæmis kallar Cell7 sjálfa sig „veteran bitch“ í „Gal Pon Di Scene“.<sup>72</sup> Eins og tónlistarfræðingurinn og heimspekingurinn Alyssa S. Woods skýrir í doktorsritgerð sinni, „Rap Vocality and the Construction of Identity“, hafa slík orð aðra merkingu þegar konur nota þau. „Þetta orðalag (...) er svipað því þegar karlkyns rapparar kalla sjálfa sig negra,<sup>73</sup>“ skrifar hún og meinar að með því að nota orð eins og „tik“ yfir sjálfar sig reyni kvenkyns rapparar að endurheimta hið neikvæða orðfæri og gera það jákvætt.

Þrátt fyrir að hátt í hálf öld sé liðin frá því að listamaðurinn og aðgerðasinninn Yoko Ono lýsti því yfir að konur væru negrar heimsins<sup>74</sup> er undirokun kvenna enn bersýnilegt vandamál, jafnvel í hinum agnarsmáa menningarafkima íslensks rapps. Kynferðisleg og félagsleg undirokun íslenskra kvenna gerir yrkisefni kvenkyns rappara skyld því sem bandarískir starfsbræður þeirra tjá sig um. Þær uppfylla þjáningarskilyrði rappsins betur en flestir íslenskir rapparar og eru að því leyti meira „ekta“.

---

<sup>71</sup> Reykjavíkurdætur. 23. júlí 2014. „D.r.u.s.l.a.“

<sup>72</sup> Cell7. 2013. „Gal Pon Di Scene.“

<sup>73</sup> Woods, Alyssa S. 2009. „Rap Vocality and the Construction of Identity.“ The University of Michigan. Bls. 171. Sótt á vef Deep Blue.

<http://deepblue.lib.umich.edu/bitstream/handle/2027.42/63636/alyw?sequence=1> (Skoðað 11.01.15)

„This term, along with calling oneself a —ho, is similar to male MCs referring to themselves as —niggas ; it is a reclaiming of negative terminology and a subversive performance of a stereotyped identity“

<sup>74</sup> „Woman Is the Nigger of the World.“ Sótt á vef *The Beatles Bible*.

<http://www.beatlesbible.com/people/john-lennon/songs/woman-is-the-nigger-of-the-world/> (Skoðað 11.01.15)

## Niðurstöður

Hér að framan hefur verið sýnt fram á hvernig rót rappsins í undirokun þeldökkra Bandaríkjamanna birtist í þjáningarskilyrðinu, skilyrði um trúverðugleika og sífelldri valdabaráttu. Sýnt hefur verið fram á að þrátt fyrir að ætlaðir andstæðingar karlkyns rappara séu yfirleitt valdhafar í samfélaginu eða aðrir rapparar hafa margir þeirra búið sér til þriðja andstæðinginn með kvenfyrirlitningu. Íslenskir karlkyns rapparar hlutgera margir hverjir konur til þess að níða aðra karlmenn eða upphefja sjálfa sig. Konur ber sjaldan á góma nema í tengslum við kynlíf og er þá yfirleitt skýrt að valdið yfir kvenlíkamanum er í höndum karlmanna. Niðrandi nafnorð yfir konur eru misalgeng meðal karlkyns rappara og oftast en ekki er það samhengi orðanna en ekki orðin sjálf sem koma upp um kvenfyrirlitningu.

Sumir kvenrapparar hafa goldið líku líkt en á Íslandi virðist Nadia hafa verið sú eina sem hefur nýtt sér niðurlægjandi orðræðu. Cell7 tekur sér vald með hefðbundnum aðferðum hiphoppans, eins og vísunum í uppruna og gróða, en níðir ekki með beinum hætti. Reykjavíkurdætur battla gegn feðraveldinu en þó ekki með ofbeldisfullum hætti. Þær upphefja hið kvenlega jafnt í gegnum texta sína sem og sviðsframkomu. Með vísunum sínum í mismunun og vegna kyns og fordóma gegn þolendum kynferðisbrota stilla þær sér upp við hlið þeldökkra starfsbræðra sinna sem eru beittir misrétti vegna húðlitar síns. Þrátt fyrir að vera misvel tekið af hefðbundnum rappahangendum eiga kvenkynsrapparar Íslands, sem meðlimir undirokaðs samfélagshóps, auðveldara með að laga hefðbundin gildi rappsins að sínum veruleika en karlmennirnir og eru að sumu leyti meira „ekta“.

Karlkyns rapparar virðast ekki alltaf meðvitaðir um þá kvenfyrirlitningu sem fram kemur í textum þeirra. Þeir eru þó í auknum mæli meðvitaðir um að kvenfyrirlitning í textum sé ekki nauðsynleg til að spegla hinupprunalegu gildi rappsins. Allir þeir karlmenn sem nefndir eru í þessari ritgerð hafa til að mynda sent frá sér lög sem taka á persónulegum vandamálum frekar en sækja í vald gagnvart umheiminum. Þrátt fyrir að slíkir textar séu ekki nýlunda fer meira fyrir þeim en áður. Ekki er ólíklegt að sú þróun muni halda áfram eftir því sem rappið færast frá hiphopprótum sínum yfir í heim popptónlistar.

Mikilvægt er að muna að sú kvenfyrirlitning sem kemur fyrir í rapptextum er ekki sprottin úr hipphoppmenningu. Hún endurspeglar afstöðu til kvenna sem finna má mun víðar í samfélaginu, hversu gróf sem framsetningin kann að vera. Íslenskir rapparar, bæði karlar og konur, eru í aðstöðu til þess að hafa áhrif á þessa afstöðu. Svo gripið sé til orða hins femíníska rithöfundar Michelle Wallace eru það hins vegar ekki aðgerðir karlanna sem hafa og munu halda áfram að grafa undan kvenfyrirlitningu í rappi heldur raddir kvenna.<sup>75</sup>

---

<sup>75</sup> Wallace, Michelle. 29. júlí 1990 „Pop view; When Black Feminism Faces the Music and the Music Is Rap.“ Sótt á síðu *The New York Times*. <http://www.nytimes.com/1990/07/29/arts/pop-view-when-black-feminism-faces-the-music-and-the-music-is-rap.html?src=pm&pagewanted=2> (Skoðað 31.12.12).

## Heimildaskrá

### Fræðirit

1. Adams, TM og Fuller, DB. 2006 „The Words Have Changed but the Ideology Remains the Same: Misogynistic Lyrics in Rap Music,” *Journal of Black Studies*, árgangur 36, hefti 6. Sótt á vef *Sage Journals*.  
<http://jbs.sagepub.com/content/36/6/938Bl.948> (Skoðað 27.09.14)
2. Berggren, Kalle. (2014) „Hip-hop feminism in Sweden; Intersectionality, feminist critique and female masculinity.” *European Journal of Women’s Studies*. Árgangur 21, hefti 3. Sótt á vef *Sage Journals*.  
<http://ejw.sagepub.com/content/21/3/233> (Skoðað 27.09.14).
3. Brabazon, Tara. 2011. *Popular Music: Topics, Trends & Trajectories*. (London: Sage).
4. Hildur Vala Einarsdóttir. 2013. „Þetta er svo mikið strákaveldi“ *Innsýn í kynjaheima dægurtónlistar á Íslandi*. Lokaverkefni til B.Ed.-prófs. Háskóli Íslands. Sótt á vef Skemmunar.  
[http://skemman.is/en/stream/get/1946/16627/36367/1/Innsy%0301n\\_i%0301\\_kynjah\\_eimapdf.pdf](http://skemman.is/en/stream/get/1946/16627/36367/1/Innsy%0301n_i%0301_kynjah_eimapdf.pdf) (Skoðað 28.12.14)
5. Miller-Young, Mireille. 2008. „Hip-Hop Honeys and Da Hustlaz: Black Sexualities in the New Hip-Hop Pornography“ . *Meridians*. Árgangur 8, tölublað 1. Sótt á vef EBSCO Host.  
<http://web.b.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=102e959d-bc76-40c8-95b5-8384069aa282%40sessionmgr115&vid=2&hid=118> (Skoðað 27.12.14.)
6. Perry, Imani. 1995. „Feminist Voices in Hip Hop. It’s my thang an I’ll swing it the way that I feel! Sexuality and Black women rappers.“ *Gender, Race and Class in media*. Dines, Humes, (Thousand Oaks: Sage publications Inc.).
7. Sobral, Ana. 2012. „UNLIKELY MC’S“: Hip hop and the performance of Islamic Feminism.“ *European Journal of English Studies*. Árg. 16, tölublað 3.  
<http://web.b.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=38e1604e-6808-4955-a830-ff8d9d224f37%40sessionmgr113&vid=1&hid=118> (Skoðað 28.12.14).
8. Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir. 2006. „„Allt er verbalt“ Um notkun tungumálsins í íslensku rappi.“ Lokaritgerð til B.A. –prófs. Háskóli Íslands.
9. Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir. 2007. „Annað skrefið: aðlögun rapps að íslenskri menningu.“ *Mímir* 51 , 45. árg. (Reykjavík: Félag stúdenta í íslenskum fræðum).
10. Woods, Alyssa S. 2009. „Rap Vocality and the Construction of Identity.“ The University of Michigan. Sótt á vef *Deep Blue*.  
<http://deepblue.lib.umich.edu/bitstream/handle/2027.42/63636/alyw?sequence=1> (Skoðað 11.01.15)



## Vefefni

1. Arnar Eggert Thoroddsen. „Íslenskt hipphopp: skýrsla.“ *Mbl.is*. 18. október 2008.  
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1250496/> (Skoðað 27.09.14)
2. Atli Fannar Bjarkason. 1. júlí 2011. „Búinn að lifa lífinu nóg“. *Vísir*.  
<http://www.visir.is/buinn-ad-lifa-lifinu-nog/article/2011706309865> (Skoðað 28.12.14).
3. *Bleikt*. „Erpur: Ég er femínisti.“ 7. febrúar 2011.  
<http://bleikt.pressan.is/lesa/erpuregerfeministi/> (Skoðað 19.11.14)
4. Erpur Eyvindarson. 2012. „Að fá granítharðan Imma Ananas í hárugan bílskúrinn“  
Vefritið Smugan, 3. desember 2012.  
<http://smugan.is/2012/12/ad-fa-granithardan-imma-ananas-i-harugan-bilskurinn/>  
(Skoðað 27.12.14)
5. *Eyjan*. „Guðmundur í Byrginu dæmdur í þriggja ára fangelsi.“ 5. september 2008.  
<http://eyjan.pressan.is/frettir/2008/05/09/gudmundur-i-byrginu-daemdur-i-thriggia-ara-fangelsi/> (Skoðað 27.12.14)
6. *Facebook*. „About Hljómsveitt“.  
[https://www.facebook.com/pages/Hlj%C3%B3msveitt/112153205643857?sk=info&tab=page\\_info](https://www.facebook.com/pages/Hlj%C3%B3msveitt/112153205643857?sk=info&tab=page_info) (Skoðað 27.12.14).
7. Freyr Bjarnason. 24. nóvember 2012. „Oftast rifinn úr að ofan“ *Vísir*.  
<http://www.visir.is/oftast-rifinn-ur-ad-ofan/article/2012711249973> (Skoðað 28.12.14).
8. „I.A. Richards.“ Sótt á vef *Poetry Foundation*. <http://www.poetryfoundation.org/bio/i-a-richards> (Skoðað 11.01.15).
9. *Mbl.is* „Erum sökkerar fyrir subkúltúr.“ 15. ágúst 2014.  
[http://www.mbl.is/monitor/frettir/2014/07/15/erum\\_sokkerar\\_fyrir\\_subkultur/](http://www.mbl.is/monitor/frettir/2014/07/15/erum_sokkerar_fyrir_subkultur/)  
(Skoðað 27.12.14)
10. *Vísir*. „Nadia-Passaðu þig“. 11. maí 2012.  
<http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=CLP11278> (Skoðað 27.12.14).
11. <sup>1</sup> Wallace, Michelle. 29. júlí 1990 „Pop view; When Black Feminism Faces the Music and the Music Is Rap.“ Sótt á síðu *The New York Times*.  
<http://www.nytimes.com/1990/07/29/arts/pop-view-when-black-feminism-faces-the-music-and-the-music-is-rap.html?src=pm&pagewanted=2> (Skoðað 31.12.12).
12. „Woman Is the Nigger of the World.“ Sótt á vef *The Beatles Bible*.  
<http://www.beatlesbible.com/people/john-lennon/songs/woman-is-the-nigger-of-the-world/> (Skoðað 11.01.15)

## Tónlist

1. Beyoncé Knowles. 16.12.2013. „Drunk in Love.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=p1JPKLa-Ofc> (Skoðað 27.12.14).
2. BlazRoca. 2010. *KópaCabana*. (Keflavík: Geimsteinn). Geisladiskur.
3. BlazRoca ft. Dias og Salka De La Sol. 13. ágúst 2014. „Vökuvísa“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=s7gN-Hy4Ors> (Skoðað 27.12.14)
4. BlazRoca ft. HerraHnetusmjörog Valbybræður. 20. september 2014. „Læðan upp í loft.“ Sótt á *YouTube*.  
[https://www.youtube.com/watch?v=SotX3B\\_oRXo](https://www.youtube.com/watch?v=SotX3B_oRXo) (Skoðað 27.12.14).
5. Cell7.2013. *Cellf*. (Kongó). Geisladiskur.
6. Emmsjé Gauti. 2013. *Þeyr*. (Reykjavík: EB Músík Ehf.) Geisladiskur.
7. Gísli Pálmi. 17. júní 2011. „Set mig í gang.“ Sótt á *YouTube*.  
[https://www.youtube.com/watch?v=2YBOjJ\\_hrH8](https://www.youtube.com/watch?v=2YBOjJ_hrH8) (Skoðað 15.11.14).
8. Gísli Pálmi. 2. desember 2011. „Hvað er uppi frændi.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=gndndf1lkx0> (Skoðað 15.11.14)
9. Gísli Pálmi. 14. Apríl 2013. „Skynja mig.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=nP1Ss041hXY> (Skoðað 27. 11. 14)
10. Gísli Pálmi. 13. júní 2014. „Loftleiðir.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=LBvA68s2TRM> (Skoðað 27.11.14)
11. Hljómsveitt. 22. desember 2013. „Kynþokkafull“. Sótt á *YouTube*.  
[https://www.youtube.com/watch?v=mk\\_aWPTR9Io](https://www.youtube.com/watch?v=mk_aWPTR9Io) (Skoðað 27.12.14).
12. Hljómsveitt. 8. október 2014. „Næs í rassinn“. Sótt á *YouTube*.  
[https://www.youtube.com/watch?v=5F\\_INMLk\\_IE](https://www.youtube.com/watch?v=5F_INMLk_IE) (Skoðað 27.12.14).
13. Nadia ft. Alvia. 11. maí 2012. „Passaðu þig.“ Sótt á *YouTube*.  
[https://www.youtube.com/watch?v=JY8o5\\_i8SM](https://www.youtube.com/watch?v=JY8o5_i8SM) (Skoðað 27.12.14)
14. Reykjavíkurdætur. 20. desember 2013. „Reykjavíkurdætur.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=wfFJxmq38> (Skoðað 27.12.14).
15. Reykjavíkurdætur. 8. apríl 2014. „Fiesta.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=XXzCYlvC6CU> (Skoðað 27.12.14).
16. Reykjavíkurdætur. 23. júlí 2014. „D.r.u.s.l.a.“ Sótt á *YouTube*.  
<http://www.visir.is/dansad-vid-lag-um-naudganir/article/2014140729555> (Skoðað 27.12.14).
17. Úlfur Úlfur, 29. maí 2011. „Svörtu augun þín.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=DVKqIAqzI4> (Skoðað 27.12.14).

18. Úlfur Úlfur, 7. júlí 2011. „Meðan ég er ungur.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=ZACXSzgHNul> (Skoðað 27.12.14).
19. Úlfur Úlfur, 19. desember 2011. „Föstudagurinn langi.“ Sótt á *YouTube*.  
<https://www.youtube.com/watch?v=WRInP8ETiSg> (Skoðað 27.12.14)
20. XXX Rottweilerhundar. 2001. *XXX Rottweiler hundar*. (Reykjavík: Dennis) Geisladiskur.

## **Kvikmyndir**

1. Brian Gibson. 1993. „What’s Love Got to Do with It“. Touchstone Pictures.